

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra, um breytingu á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt.

Ríkisskattstjóri hefur látið reikna breytingar á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt sem taka eiga breytingum í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu 1. janúar ár hvert. Byggingarvísitala janúarmánaðar 1996 er 205,5 stig:

- A. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.
Í stað 100.000 kr. komi 200.600 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 194.400 kr.
- B. 7. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum og 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. reglug. nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.
Í stað 3.000 kr. komi 6.030 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 5.840 kr.
- C. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum sbr. 22. gr. laga nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum.
Í stað 600.000 kr. komi 1.204.100 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 1.166.600 kr.
- D. 1. mgr. 5. gr. reglug. nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi.
Í stað 350.000 kr. komi 702.400 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 680.500 kr.
- E. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglug. nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, með síðari breytingum.
Í stað 400.000 kr. komi 802.800 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 777.800 kr.

Reykjavík, 9. janúar 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 5/1996.

Auglýsing frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignar-skatt, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1988, um breyting á þeim lögum.